

Nd.

584. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

Frá Eiriki Einarssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórnin getur hve nær sem vill rannsakað eða látið rannsaka allan bag banka og sparisjóða i landinu. Allan kostnað við slíkar rannsóknir greiði sú peningastofnun, sem rannsökuð er i hvert sinn.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórnir banka og sparisjóða eru ávalt skyldugar að gefa ríkisstjórninni allar þær upplýsingar um stofnauirnar, er henni kann að þykja ástæða til að heimta.

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.